



UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 18. janúar 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, mál nr. 530.

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Umboðsmaður barna fagnar því að í frumvarpinu sé lögð áhersla á vernd barna og ungmenna gegn skaðlegum áhrifum tóbaks. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að sérstaklega skuli unnið gegn tóbaksnotkun ungs fólks og takmarka eigi framboð á tóbaki og eftirlíkingu af tóbaki sem er ætlað að höfða til þess. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að meginástæða þess að tilgreina tóbaksnotkun ungs fólks sérstaklega í 1. mgr. 1. gr., sé að huga þurfi að hagsmunum barna og ungmenna. Í greinargerð er m. a. vísað til 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennrar athugasemdar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 15 sem fjallar um 24. gr. sáttmálans er fjallar um rétt barna til besta mögulega heilsufars. Af umfjöllun í greinargerð er ljóst að 1. mgr. 1. gr. er ætlað að ná til barna og ungmenna. Að mati umboðsmanns barna færi betur á því að tilgreina börn sérstaklega í texta ákvæðisins í stað þess að takmarka gildissvið þess ungt fólk. Sú viðbót myndi endurspegla áherslur frumvarpsins og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB um vernd barna með skýrum hætti. Í 1. mgr. 1. gr. myndi þá standa: „Sérstaklega skal unnið gegn tóbaksnotkun barna og ungmenna og takmarka framboð á tóbaki og eftirlíkingu af tóbaki sem sérstaklega er ætlað að höfða til þeirra.“

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna